Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Rain Away – Yfirborsðvörn á gler (vatnsfráhrindandi)**

Vörunúmer:

ARA0435395	**118ml**
ARA5G60030-500	**500ml**
ARA5G60030	**18,9L**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Vatnsfæla á rúður.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Kafko International Ltd.
3555 W.Howard St.,Skokie
IL 60076-4012, USA
00-01-847-763-0333
customerservice@kafkointl.com
www.kafkointl.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert. 2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P103	Lesið merkimiðann fyrir notkun.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
P241	Notið sprengiheld raffönguloftræstibúnað/lýsingu.
P242	Notið ekki verkfæri sem mynda neista.
P243	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
P261	Andið ekki að ykkur lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun.
P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.

P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P308+P311	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P403+P235	Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast við notkun.

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Ísóprópanól			
Skráningarnúmer ECHA		**Innihald %**	**95,0**
Raðnúmer	603-117-00-0	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	200-661-7	**H-setningar**	-
CAS	67-63-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Augnert. 2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H336**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Veitið öndunaraðstoð ef nauðsynlegt er og leitið læknis.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis.

Inntaka Skolið munn og gefið mikið vatn að drekka. Leitið strax læknis og sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að efnið berist ekki í lungu.

Hjálparliðar Takið ekki persónulega áhættu, Beitið ekki blástursaðferð ef gufur eru enn til staðar.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun Getur valdið bælingu miðtaugakerfis. Getur valdið sljóleika eða svima.

Snerting við húð Engin alvarleg áhrif þekkt.

Snerting við augu Veldur alvarlegri augnertingu.

Inntaka Getur valdið bælingu miðtaugakerfis. Ertir munn, kok og maga.

Kal Hitið frosna vefi og leitið læknis.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Alkólþolin froða á mikinn eld. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, eld- eða sprengifimar blöndur með lofti, hættulegar gufur, þyngri en loft sem geta borist nokkrar vegalengdir með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið eld- og neistagjafa, reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Haldið óviðkomandi fjarri. Notið persónuhlífar.
Gengið ekki í losuðu efni.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. skolið mengað svæði með miklu vatni.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri íkveikjuvöldum. Reykið ekki. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.
Gerið ráðstafanir gegn myndun stöðurafmagns,

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað með efnaheldu gólfi. Forðist mengun af völdum annarra efna. Geymið fjarri eldfimum og sjálftendrandi efnum, beinu sólarljósi og háu hitastigi.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	
Ísóprópanól	200	500	400	980	Belgía/Bretland

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)
Húð - hendur	Notið leysiefnahelda hanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN 374). Notið ekki hanska úr náttúru-gúmmíi eða PVC. Athugið gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).
Öndunarfæri	Notið öndunargrímu með síu A-P1, fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Alkóhóllykt	
Litur:	Litlaus	
Blossamark:	11,7°C	
Lægri sprengimörk í lofti:	2,0%	
Hærri sprengimörk í lofti:	12,0%	
Gufuþrýstingur (20°C):	4,4	kPa
Eðlismassi gufu:	2,1	(loft=1)
Eðlismassi við 20°C:	0,780	g/cm^3
Vatnsleysni:	Leysanlegt	
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki við ætlaðar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá einnig lið 7. Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, Stöðurafmagn. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sterkar sýrur og raki.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnisoxíð við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Getur valdið bælingu miðtaugakerfis. Getur valdið sljóleika eða svima. Einnig höfuðverk, ógleði, þreytu, svima og meðvitundarleysi.
Snerting við húð	Engin alvarleg áhrif þekkt.
Snerting við augu	Veldur alvarlegri augnertingu, sviða, táramyndun og roða.
Inntaka	Getur valdið bælingu miðtaugakerfis. Ertir munn, kok og maga.

Ísóprópanól

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	12800	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	45248	ppm	rotta	
Alvarlegur augnskaði		Mikil erting			
Erting, húð		Væg erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Skortir upplýsingar			
Stökkbreytingar gerla		Skortir upplýsingar			
Stökkbreytingar gerla		Skortir upplýsingar			
Krabbamein					Flokkur 3 (IARC)
Einkenni	Vökvi og gufa geta valdið augnertingu. Veldur vímuáhrifum í háum styrk. Langvinn eða endurtekin snerting við húð getur valdið þurri og sprunginni húð.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Ísóprópanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	4200 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	LC_{50}	1400 mg/l	48 klst	skeldýr	
Þrávirkni og niðurbrot	Brotnar auðveldlega niður (10 daga viðmiðun)				
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,05			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer 1219
Efnisheiti v. flutninga: ISOPROPANOL (ISOPROPYL ALCOHOL)
Hættuflokkur: 3 (33)
Pökkunarflokkur: II
Hættuundirflokkur: F1
Mengunarhætta: Já

IMDG:



UN Númer 1219
Efnisheiti v. flutninga: ISOPROPANOL (ISOPROPYL ALCOHOL)
Hættuflokkur: 3
EmS: F-E, S-D
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já

IATA:



UN Númer 1219
Efnisheiti v. flutninga: ISOPROPANOL (ISOPROPYL ALCOHOL)
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima

Útgáfa/Dags: 1/ 21.05.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***Kafko International***
	Safety data sheet
	Rain Away Windshield Treatment
Útgáfa:	*Maí 2018*